

Alþingi
Erindi nr. P 139/798
komudagur 8.12.2010

Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd
Atli Gíslason

201. mál

Hér koma smávægilegar athugasemdir við frumvarpið til laga um Skelrækt.
Gott væri að fá að heyra frá þér ef þetta gengur ekki en við hjá Skelrækt leggjum áherslu á að við fáum að vera með í umfjöllun um þessi mál. Það er að sjálfsögðu eðlilegt að hagsmunasamtök eins og okkar hafi eitthvað um framgang málsins að segja.
Hér fyrir aftan eru þessar athugasemdir okkar.

Skelrækt

Bergsveinn G. Reynisson

Athugasemdir:

II. KAFLI
Stjórnsýsla. 4. gr.

Stjórnsýsla

Viðbótartillaga: „Hægt er að veita undanþágu frá vigtunarskyldu afla sem fer til áframræktunar“ – Hér má nefna að þegar ræktendur plægja upp skel til að sokka til áframræktunar á ekki að þurfa að vikta „afla“ þar sem skelin er sett aftur í sjó. Þetta á einnig við þegar skel er flutt á milli ræktunarsvæða.

5. gr.

Svæðaskipting starfsemi.

Viðbótartillaga: bæta „Skelrækt“ við í hóp umsagnaraðila.

6. gr.

Staðbundið bann við starfsemi o.fl.

Viðbótartillaga: bæta „Skelrækt“ við í hóp umsagnaraðila.

III. KAFLI

Leyfisveitingar o.fl.

7. gr.

Tilraunaleyfi.

Viðbótartillaga: bæta „Skelrækt“ við í hóp umsagnaraðila.

Breytingartillaga: lagt er til að eftirfarandi setningar í 3. málsgrein verði sérstök málsgrein þar eð ekki er skýrt hvort ákvæði um aðkomu bygginga- og/eða skipulagsfulltrúa við alltaf eða aðeins innan netlaga.

Næst-síðasta málsgrein: lagt er til að henni sé sleppt og í stað hennar sett: „að lokinni starfsemi leyfishafa getur Matvælstofnun krafist þess að leyfishafi fiarlægi öll mannvirki, línur

og annan búnað.

Athugasemd: Skelrækt telur að ekki sé forsvaranlegt að setja svo óljósar kröfur um kostnað á starfsemina eins og fram kemur í núverandi orðalagi.

8. gr.

Heilnæmiskönnun.

Athugasemd: Eðlilegt er að heilnæmiskannanir verð greiddar af hinu opinbera. Afar óeðlilegt er að fyrsti ræktandi á hverju svæði þurfi að greiða kostnað þeirra sem á eftir koma á sama svæði.

9. gr.

Ræktunarleyfi.

Athugasemd: Sbr. 7. Gr. Skelrækt telur að ekki sé forsvaranlegt að setja svo óljósar kröfur um kostnað á starfsemina eins og fram kemur í núverandi orðalagi. Lagt er til að kröfur verði takmarkaðar við skyldu leyfishafa til að fjarlægja búnað sinn að lokinni starfsemi.

Breytingartillaga: bæta „Skelrækt“ við í hóp umsagnaraðila.

Athugasemd: Skelrækt telur að ákvæði um afturköllun í 10 gr. séu nægjanlegar og þess vegna þurfi ekki að takmarka tímalengd ræktunarleyfis við 7 ár.

Skýring; fyrirtæki í þessari grein eru rekin í að minnsta kost nokkra áratugi. Afar óheppilegt að setja stjórnvaldstakamarkanir á leyfi við 7 ár, til dæmis varðandi fjármögnun, viðskipta- og rekstraráætlanir í upphafi. Gerð er tillag um að þetta verði nánar skilgreint í reglugerð um skelrækt.

V. KAFLI

Gjaldtaka.

15. gr.

Gjaldskrá.

Athugasemd: 15. grein stenst ekki lög. Ekki er hægt að leggja rekstrarkostnað ríkisstofnana á greinina fremur en aðrar greinar. Rökstuðningur við gjaldtöku eftirlitsstofnana er þar að auki afar óljós og á ekki heima í lögum.

Breytingartillaga, í stað núverandi texta: „Gjald fyrir ræktunarleyfi verði sambærilegt við veiðileyfagjald fiskibáta og nánar kveðið á um í reglugerð.“

VI. KAFLI

Ýmis ákvæði.

VII. KAFLI

Reglugerðarheimild, viðurlög, o.fl.

17. gr.

Reglugerðarheimild.

Krafa um viðbætur: Skelrækt, landssamtök skelræktenda gerir bá kröfu að leitað sé umsagnar samtakanna við setningu reglugerða.

Almennt um lögin:

Skelrækt gerir í aðalatriðum tvær athugasemdir við lögin, annars vegar er krafa um að vera tekin inn sem umsagnaraðili um hin ýmsu mál í lögunum og hinsvegar varðandi gjaldtöku og er beðist undan því að á bernskuskeiði verði þetta fyrsta atvinnugreinin á Íslandi sem er látin halda uppi opinberum stofnunum með gjaldtöku.